Nd. **508. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leggja járnbraut frá Reykjavík til Ölfusár.

Frá minni hluta samgöngumálanefndar.

Járnbrautarmálið svokallaða, eða ráðagerð um það að leggja járnbraut frá Reykjavík austur að Ölfusá, hefir nú verið á dagskrá þjóðarinnar full 30 ár, en miðað lítið áfram. Hafa verið til þess margar orsakir. Fyrst og

fremst hinn mikli kostnaður, sem járnbrautarlagningu er samfara, og því tvisýna, að járnbraut gæti nokkurntíma borgað sig. Þar næst óvissa um leiðina, er valin skyldi, og hafa í því efni verið nefndar ýmsar leiðir, eins og alkunnugt er, t. a. m. yfir Þingvelli, og loks undirbúningsleysi, eða að minsta kosti ekki fullkomin rannsókn á öllu, er að málinu lýtur, einkum nákvæmur útreikningur á kostnaði á þeirri leið, er endanlega yrði álitin heppilegust og því valin.

Á síðustu fjórum árum hefir verið kappsamlega unnið að undirbúningi þessa máls af norskum sjerfræðingi, og hefir hann lokið honum til fulls og álit hans og útreikningar birt almenningi og lagt fyrir Alþingi. Má því fullyrða, að mál þetta hefir nú fengið svo góðan undirbúning sem hægt er og hæfir þessu stórmáli. Þykir mega fullyrða, að fá mál, sem Alþingi hefir nú til meðferðar, hafi fengið jafngóðan undirbúning. Það er því tími kominn til fyrir Alþingi að taka ákveðna afstöðu til málsins. Hvort það þorir og treystist til að leggja út í þetta fyrirtæki, sem er svo afarþýðingarmikið, bæði í menningarlegu tilliti, að vjer loks, 100 árum eftir að járnbrautir hófust, fáum okkar fyrsta litla járnbrautarstúf, og þá ekki síst í framfaratilliti, því það er reynsla alstaðar annarsstaðar í heiminum, að járnbrautir, þetta ágæta samgöngutæki, sje lyftistöng undir öllum verulegum framförum svo að segja á öllum sviðum fyrir þau hjeruð, er járnbrautin liggur um, einkanlega þó að því er landbúnaðinn snertir.

Nú mun mega telja það viðurkent af öllum, að landbúnaðurinn hjer á landi þurfi eflingar og aðstoðar með, og þar sem það hins vegar er vitanlegt, að fyrir austan Hellisheiði, á Suðurlandsundirlendinu, eru stórar og frjósamar sveitir, sem geta framleitt margfalt ríkulegri afurðir en nú er, ef hægt væri að koma þeim fljótt frá sjer á markað í Reykjavík, sem fyrst í stað mundi gleypa megnið af afurðunum, eða þá þaðan beint til útlanda, þá virðist okkur minni hlutanum brýn nauðsyn vera til að koma þessu máli í framkvæmd svo fljótt sem auðið er.

Frumvarpið fer aðeins fram á heimild fyrir landsstjórnina til að leggja járnbrautina, og hún má ekki byrja á verkinu fyr en viss skilyrði eru fyrir hendi. Má treysta henni til að byrja ekki á því fyr en þau eru uppfylt, einkum framlagið úr ríkissjóði, sbr. 2. gr. c. 1.

Minni hlutinn leggur því til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 5. mai 1926.

Kl. Jónsson, frsm. Jón Kjartansson.